

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar

Þverholti 2

270 Mosfellsbæ

Dags; 30. september 2020

Efni; Landspilda á mótum Þingvallavegar og Vesturlandsvegur

Undirritaður, fyrir hönd Skeljungs hf sem er eigandi landspildu L 201201 í Mosfellsbæ, óskar eftir afstöðu Skipulagsnefndar Mosfellsbæjar um að lóðarhafa verði heimilt að skilgreina hluta spildunar sem verslunar- og þjónustulóð í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Áform lóðarhafa er að reisa metnaðarfull mannvirki á hluta spildunar í þeim tilgangi að veita þjónustu sem samræmist rekstri Skeljungs hf.

Þar ber helst að nefna að Skeljungur hefur hug á að reisa á hluta svæðisins á mótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegar, fjölorkustöð ásamt þjónustubýggingu til sölu á vörum tengdum bifreiðum ásamt veitingasölu. Jafnramt eru áform um að reisa innan svæðisins aðstöðu sem þjóna mun útivistarfólki. Þeirri aðstöðu væri komið fyrir í frekari tengslum við þá útivistariðju sem fyrir er á svæðinu sem jafnramt er tengt göngu og hjólréiðum, ásamt útreiðum.

Lóðarhafi óskar eftir samstarfi við Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar varðandi nánari útfærslu á ofangreindu þannig að úr geti orðið áhugavert svæði fyrir verslun og þjónustu ásamt mögulegri aðstöðu tengt fjölbreytilegri útivist.

Til glöggvunar fylgir afstöðumynd af landspildunni þar sem skyggt hefur verið svæði sem óskað er eftir að fái fyrrgreinda skilgreiningu í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Fylgiskjal sýnir legu og stærð landspildu L 201201.

Virðingafyllt

G.Oddur Víðisson arkitekt FAÍ